

Til bæjarráðs

Efni: Svar við fyrirspurn um framkvæmdir við fjölnota fundarsal

Hvað kostaði húsnæðið sem fjölnota fundarsalurinn er í?

Svar:

Kaupsamningur IDAC kr. 29.500.000

Kaupsamningur Nafir kr. 38.000.000

Samtals: kr. 67.500.000

Var gerð kostnaðaráætlun vegna breytingar á húsnæðinu í fjölnota fundarsal?

Svar:

Já

Hversu há upphæð var áætluð í framkvæmd við breytingar á húsnæðinu?

Svar:

Árið 2016 70,0 mkr

Árið 2017 60,0 mkr

Árið 2018 240,0 mkr

Árin 2016 – 2018 370,0 mkr

Hver er heildarkostnaður við framkvæmdir á húsnæðinu? Óskað er eftir sundurliðun kostnaðar.

Svar:

Í árslok 2018 nam heildarkostnaður kr. 316.481.222.

Nánari sundurliðun:

Salur Garðatorgi 1 - samantekinn kostnaður 1.1.2016 - 31.12.2018				
	2016	2017	2018	Alls
Verkkaup samningsverk	5.438.460	27.503.282	222.963.046	255.904.788
Aðkeypt sérfræðipjónusta m.vsk.	18.283.360	12.499.018	27.256.975	58.039.353
Áhöld og búnaður			1.450.288	1.450.288
Önnur þjónustukaup		128.486	769.044	897.530
Prentun og pappír		182.052	3.222	185.274
Efni	2.626			2.626
Fjármagnskostnaður	1.363			1.363
Alls	23.725.809	40.312.838	252.442.575	316.481.222
Fjárhagsáætlun	70.000.000	60.000.000	240.000.000	370.000.000

Hve stór hluti verksins fór í útboð?

Svar:

Verkefnið fór í útboð og ákveðið var að viðhafa forval sem undanfara lokaðs útboðs

Í júní 2017 var auglýst forval vegna þátttöku í lokuðu útboði um smíði og uppsetningu innréttinga fyrir fjölnotasal að Garðatorgi 7 ásamt frágangsvinnu utanhúss. Auglýsingin var undanfari útboðs vegna framkvæmdanna.

Í forvali barst aðeins ein umsókn frá E. Sigurðssyni ehf.

Umsóknin var lögð fram á fundi bæjarráðs 18. júlí 2017 og samþykkt að fela bæjarverkfræðingi að ræða við umsækjanda á grundvelli umsóknar. Þær samningaviðræður leiddu af sér að samningur var gerður við E. Sigurðsson ehf. um framkvæmd verksins. Um er að ræða um 75-80% af heildarverkinu.

Í upphafi var tölvudeildinni falið að skoða tæknilausnir með ráðgjöfum frá Verkhönnun ehf., sem hefur annast rafmagnshönnun verksins. Niðurstaða þeirrar skoðunar var að semja við Origo um tölvu- og fundarbúnað.

Með hvaða hætti hefur verið upplýst um framgang framkvæmda og kostnaðar til kjörinna fulltrúa?

Svar:

Við gerð samþykkt fjárhagsáætlana árin 2016 - 2018 hefur verið gerð grein fyrir framgangi framkvæmda og kostnaði við framkvæmdina.

Á fundi bæjarráðs 21. ágúst 2018 var lagður fram viðauki við fjárhagsáætlun 2018 þar sem gerð var grein fyrir framkvæmdum við fjölnotasal og lögð fram tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun að fjárhæð 150,0 mkr. Um var að ræða viðbótarfjárveitingu til að ljúka framkvæmdum við fjölnotasal.

Á fundi bæjarráðs 16. október 2018 kynntu Ásdís Ágústsdóttir og Hulda Sigmarsdóttir, arkitektar hjá Yrki - arkitektum tillögur um val á húsgögnum fyrir fjölnotasal. Kostnaður vegna húsgagna er fjármagnaður af fjárveitingu til búnaðarkaupa á árinu 2019.

Á fundum bæjarráðs eru reglulega lögð fram málaflokkayfirlit þar sem fram kemur ráðstöfun fjárveitinga til framkvæmda.

Hver hefur eftirlit og umsjón með framkvæmdinni?

Svar:

Tækni- og umhverfissvið Garðabæjar hefur haft umsjón með framkvæmdinni en samið var við VSÓ – ráðgjöf um eftirlit með framkvæmdum.

Bæjarritari hafði einnig umsjón með framkvæmdinni og annaðist samskipti við arkitekta.